

**Kynning á tillögu að breytingum á lögum Skógræktarfélags Íslands,  
til frekari umfjöllunar og afgreiðslu á aðalfundi 2024**

**Tillaga 1**

Breyting á 7. grein, b-lið. Grein er nú:

*b) Stjórn og starfsfólk Skógræktarfélags Íslands svo og skógræktarstjóri og starfsfólk Skógræktarinnar og landgræðslustjóri.*

Lagt er til að hún verði:

*b) Stjórn og starfsfólk Skógræktarfélags Íslands.*

**Greinargerð:**

Fyrirhuguð er sameining Landgræðslunnar og Skógræktarinnar í nýja stofnun. Ekki liggur ljóst fyrir hvert starfsheiti formanns þeirrar stofnunar verður, auk þess sem spurning er hvort að forsvarsmaður ríkisstofnunar eigi yfir höfuð að eiga lögbundið sæti á aðalfundi frjálsra félagasamtaka. Í 8. grein laga félagsins er einnig tekið fram að stjórn Skógræktarfélags Íslands geti veitt rétt til fundarsetu „félagsmönnum í skógræktarfélögum, starfsmönnum skógræktarfélaga, starfsmönnum skógræktarverkefna og fulltrúum félagasamtaka, sem vinna að skógrækt“ og hefur stjórn þar með svigrúm og umboð til að bjóða forstöðumanni og starfsfólki hinnar nýju stofnunar til fundar, ef vilji er til.

**Tillaga 2**

Breyting á 6. grein, b-lið og 5. grein, næst síðustu línu. Grein 6., b) er nú:

*b) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.*

Lagt er til að hún verði:

*b) Lagt fram endurskoðað rekstrar- og efnahagsyfirlit til samþykktar. Yfirlit miðast við almanaksár.*

Grein 5., næst síðasta lína er nú:

*Aðalfundur kýs enn fremur tvo skoðunarmenn ársreikninga og tvo til vara.*

Lagt er til að hún verði:

*Aðalfundur kýs enn fremur tvo skoðunarmenn rekstrar- og efnahagsyfirlits fyrir félagið og tvo til vara.*

**Greinargerð:**

Væntanleg eru ný lög um bókhald og reikningsskil, þar sem skilgreiningar munu breytast og kvaðir aukast (s.s. að reikningar séu settir upp af viðurkenndum bókará). Er því lagt til að í stað „reikninga“ og „ársreikninga“ verði talað um „rekstrar- og efnahagsyfirlit“ fyrir félagið.